

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík


Reykjavík, 8. nóvember 2019  
UST201901-235/E.H.  
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2019 - Olíudreifing – Ólafsvík.**


Þann 14. október sl. fór fram eftirlit hjá Olíudreifingu ehf. í Ólafsvík í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst



Einar Halldórsson

  
Ásta Maack

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Ólafsvík

UMHVERFISSTOFNUN  


Dags eftirlits	14.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	277577,592      496940,924

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með olíubirgðastöð Olíudreifingar í Ólafsvík. Ekkert frávik kom fram frá starfsleyfi og engri ábendingu er komið á framfæri til rekstraraðila.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir eftirfarandi ákvæði í starfsleyfi:

Grein 1.5

Áætlun um tímabunda og varanlega rekstrarstöðvun er til staðar fyrir allar stöðvar Olíudreifingar ehf.

Greinar 2.1 og 2.4

Umhverfismarkmið eru til staðar sem partur af umhverfisstjórnunarkefi Olíudreifingar (ISO 14001).

Grein 2.3

Starfsmenn og þjónustuaðilar hafa þjálfun til að bregðast við mengunaróhöppum og fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu efna. Upplýsingar um viðkomandi efni eru til staðar í rekstrarhandbók sem er á olíubirgðastöðinni í Grundarfirði.

Grein 2.8

Trygging vegna bráðamengunar er til staðar á öllum stöðvum Olíudreifingar sem eru með starfsleyfi.

Greinar 4.1 og 4.3

Rekstrarhandbók og mánaðarblöð voru skoðuð og engar athugasemdir gerðar.

Grein 4.2

Olíugeymar og áfyllingarplön uppfylla kröfur í starfsleyfi og olíupróf Macherey Nagel var framkvæmd í eftirlitinu á frárennslinu og var niðurstaðan innan 15 mg/kg. Þrýstiprófanir lagna fóru fram fyrr á þessu ári. Botnþykktarmælingar hafa farið fram á síðustu 10 árum á geymunum.

Gengið var um stöðina og var ekki tilefni til athugasemda.

## ANNAÐ

Athugasemdir var gerð í síðustu eftirlitsskýrslu við að starfsleyfi og rekstrarhandbók væru ekki aðgengileg á staðnum þar sem ekki er nein aðstaða til geymslu. Rekstrarhandbók og önnur gögn sem krafa er um í starfsleyfi eru geymd í olíubirgðastöðinni í Grundarfirði og hægt að líta svo á að þar sé skrifstofuaðsetur stöðvarinnar.

Reykjavík, 07.11.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemdir: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Einar Halldórsson